

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 830/2011 um ökuskírteini.

1. gr.

Í stað „Til fullra 70 ára aldurs“ í töflu þar sem tilgreindir eru ökuréttindaflokkar í 6. gr. kemur: 15.

2. gr.

1. másl. 3. mgr. 22. gr. orðist svo:

Gildistími fullnaðarskírteinis fyrir sömu flokka er fimmtán ár, þó aldrei lengur en til 70 ára aldurs, utan ökuskírteinis til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir B-flokk, sbr. 1. tölulið 5. mgr.

3. gr.

Í stað „13. janúar“ í 2. mgr. 52. gr. kemur: 19. janúar.

4. gr.

Á undan málsgrein sem hefst á orðunum „Þrátt fyrir ákvæði 11. gr.“ í ákvæði til bráðabirgða kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Ökuskírteini fyrir A-flokk útgefið fyrir 19. janúar 2013, til þess sem hafði ekki náð 21 árs aldri við útgáfu ökuskírteinisins, veitir rétt til að stjórna bifhjóli í A-flokki tveimur árum eftir útgáfuna, sbr. 6. og 15. gr. reglugerðar nr. 501/1997.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 52. gr., sbr. 51. gr. umferðarlaga, nr. 50 frá 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 17. janúar 2013.*

**Ögmundur Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigurbergur Björnsson.*